

# Litluborgir, náttúruvætti

## Aðgerðaáætlun 2022 - 2024

Aðgerðaáætlun þessi er forgangsörðun þeirra aðgerða sem brýnast er að fara í til að verndargildi Litluborga haldist. Aðgerðirnar miða jafnframt að því að viðhalda og bæta upplifun og öryggi gesta svæðisins. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunar um framtíðarsýn náttúruvættisins. Neðan greindar aðgerðir eru annars vegar aðgerðir næstu þriggja ára, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun [Landsáætlunar um uppbyggingu innviða](#) (Landsáætlun) og hins vegar önnur verkefni sem geta verið reglubundnar aðgerðir eða sértækar sem stefnt er að skv. stjórnunar- og verndaráætlun. Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerðanna.

### Árleg eða regluleg verkefni

- ✓ Aðgerðaáætlun fyrir Litluborgir uppfærð árlega.
- ✓ Ástandsmat verði unnið árlega af Umhverfisstofnun.
- ✓ Upplýsingar um Litluborgir á heimasíðu Umhverfisstofnunar uppfærðar eftir þörfum.
- ✓ Lagfæra og græða upp mosa á svæðum þar sem ekki er gert ráð fyrir umferð gesta.
- ✓ Árlegt viðhald verði á göngustígum og merkingum á gönguleiðum.
- ✓ Árlega verði vöktun á framgangi framandi tegunda plantna innan náttúruvættisins og þær sem eru mögulega ágengar verða upprættar.

### 2022

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri öryggisáætlun friðlýstra svæða stofnunarinnar fyrir Litluborgir og hún verði uppfærð eftir þörfum.

### 2023

- ✓ Skilgreina gönguleiðir um friðlýsta svæðið og merkja þær.
- ✓ Loka á villustígum og mosi græddur upp.

### 2024

- ✓ Aðkomu- og fræðsluskilti verði unnið.